

Mannrækt - lífsleikni

Mannrækt í Tjarnarskóla (nú nefnd lífsleikni í Aðalnámskrá grunnskóla) hefur verið á stundaskrá í Tjarnarskóla frá stofnun skólans 1985, talsvert mörgum árum áður en þessi leikni var sett í Aðalnámskrá. Við kappkostum við að vekja nemendur til umhugsunar um góð mannleg samskipti í hvaða mynd sem þau birtast. Það er okkar keppikefli. Í yngsta bekknum, Kvos, eru 7. og 8. bekkingar í hóp og eiga það sameiginlegt að koma allir úr öðrum skólum, ýmist sem 7. bekkingar eða 8. bekkingar. Sú staðreynd kallar á að það þarf að kynna þeim svo nefndan „Tjarnarskólatakt“ sem felur í sér að tileinka sér það yfirbragð og samskipti sem einkenna á skólastarfið. Nemendur hafa eina kennslustund á viku í mannrækt en mannræktarkennari færir hlutverk sitt talsvert út fyrir kennslustundirnar að öllu jöfnu.

Markmið

Að nemendur...

- horfist í augu við að hver og einn er einstakur og virði þá staðreynd.
- kynnist þeim þáttum í skólanum sem stuðla að öryggi þeirra sjálfra með því að þekkja viðbrögð við eldsvoða og jarðskjálftum og fái þjálfun í að rýma skólahúsnæðið ef hættu ber að höndum.
- fái leiðbeiningar um góða námshætti og námstækni og tileinki sér slík vinnubrögð.
- fái þjálfun í að ræða tilfinningar og hvernig við bregðumst við þeim og þroskumst með tímanum.
- skoði einkenni góðrar sjálfsmýndar og hvernig hægt er að styrkja hana í ölduróti unglingsáranna.
- tileinki sér góð samskipti og hvað einkennir þau um leið og þau fræðist um einkenni eineltis og alvarleika þess og afleiðingar.
- verði meðvitaðir um gildi vináttu, að hugsa jákvætt, að vera heilsteiptur einstaklingur og um afleiðingar baktals.
- geri sér grein fyrir gildi góðra lífsvenja; s.s. góðs nætursvefns, mataræðis og hreyfingar og að eiga áhugamál sem efla og kæta.
- fái góð ráð um örugga netnotkun.
- leiti sameiginlega að þáttum sem geta stuðlað að vellíðan, bæði í skóla og heima.
- kynnist og taki þátt í umræðum um jafnrétti og vinna verkefni í tengslum við efnið.
- meti sjálfir eigin líðan með því að taka þátt í viðhorfskönnunum, tveimur á skólaárinu.
- hjálpist að við að huga að vellíðan annarra í bekknum/skólanum.
- taki þátt í hjálparstarfi í formi söfnunar.
- kynnist ólíkum tegundum greindar og að hæfileikar þurfa ekki endilega að birtast í hefðbundnu skólastarfi.
- ræði tilfallandi málefni í þjóðfélaginu sem tengjast viðfangsefnum mannræktartímanna, s.s. umræðu um einelti, öryggi, kynbundið ofbeldi og fleira í þeim dúr.
- taki þátt í hjálparstarfi með því að taka þátt í söfun fyrir ABC hjálparstarf.

Leiðir

Nemendur taka þátt í umræðum, vinna verkefni, taka þátt í rýmisæfingum, fá gesti í kennslustundir, svara viðhorfskönnunum, koma með tillögur um skólastarf eða samskipti í í bekknum, horfa á myndbönd og annað efni á Netinu sem styðja viðfangsefni í kennslustundum.

Námsmat

Skriflegt próf í lok 2. og 3. annar. Vinnubókaskil með viðfangsefnum annanna þar sem lagt er mat á glósugerð, verkefnaskil, vinnubrögð og fallegan frágang. Einnig er lagt mat á hvort verkefnum er skilað á réttum tíma, þátttöku í umræðum og að leggja gott til málanna. Matið er tvískipt; annars vegar prófseinkunn, hins vegar vinnueinkunn, sem er samsett úr fyrrgreindum þáttum.

Námsgögn

Vinnuheftið Ertu?, Þú ert klárari en þú heldur, ljósrit frá kennara, myndbönd og efni á Netinu.
